

Nd.

728. Nefndarálit

[285. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að ríkissjóður taki á sig stórfelldari ábyrgðir fyrir einkafyrirtæki en nokkur fordæmi eru fyrir hérlendis. Sú sjálfskuldarábyrgð, sem frv. gerir ráð fyrir, nemur ca. 2 800 milljónum króna, en áður hafa ríkisstjórn og Landsbanki Íslands ábyrgst lán sem nú nema um 1 500 milljónum króna. Í heild er því um að tefla 4 300 milljónir króna — eða yfir 20 000 kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Hliðstæðar ábyrgðir hafa aldrei fyrr verið veittar hérlendis, og þeim fylgja að sjálfsgöðu verulegar áhættur, auk þess sem þær hljóta að hafa umtalsverð áhrif á lánstraust íslenska ríkisins erlendis. Því er hér um að ræða mjög stórfellda og áhættusama ákvörðun.

Ég tel það algera forsendu fyrir því að unnt sé að fallast á beiðni Flugleiða hf. að félagið auki hlutafé sitt í 600 milljónir króna þegar á þessu ári. Einnig tel ég að íslenska ríkið geti því aðeins verndað hina stórfelldu hagsmuni sína og almennings, að það eignist nægilegt hlutafé í Flugleiðum hf. til þess að verða beinn aðili að stjórn félagsins og öllum ákvörðunum. Flyt ég á sérstöku þingskjali tillögu um þau skilyrði, og mun ég rökstyðja hana nánar í framsögu.

Í framsögu mun ég einnig ræða ýmis atriði sem fjárhags- og viðskiptanefnd fjallaði um og tengjast ýmsum þáttum í starfsemi Flugleiða hf.

Alþingi, 13. maí 1975.

Magnús Kjartansson.